



Brunavarnir Árnassýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 18. desember 2013
/KEi//kei

Fundargerð fagráðs

5. fundur fagráðs *Brunavarna Árnassýslu* haldinn miðvikudaginn 18. desember 2013 kl. 10.30 í slökkvistöð Selfossi, Árvegi 1 (Glóð)

Mættir: Ari Thorarensen, formaður, Jón G. Valgeirsson, Gunnsteinn R. Ómarsson, Kristján Einarsson, slökkvistjóri, Pétur Pétursson, vara-slökkvistjóri og S.Lilja Ragnarsdóttir, bókarí.

Kristján ritaði fundargerð.

1. Lánasamningur v. kaupa á húsnæði við Árveg 1 Selfossi

Fyrir fundinum lá „Lánasamningur við Lánasjóð Sveitarfélaga nr. 1312-53“ Hjóðar samningurinn upp á kr. 300.000.000 og er til 21. árs. Lánið er tekið vegna kaupa BÁ á húsnæði að Árvegi 1 Selfossi, þ.e.a.s. til uppgreiðslu á eldra láni.

Lánasamningurinn er samþykktur og undirritaður af öllum aðildarsveitarstjórnnum BÁ.

Einnig lágu fyrir fundinum drög, „Samkomulag vegna Björgunarmiðstöðvar“ en það felur í sér samkomulag um verklok Árborgar vegna vinnu að koma húsnæðinu í lokaúttekt.

Þá var einnig rædd vinna út af uppgreiðslugjaldi á yfirteknu láni skv. kaupsamningi frá Íslandsbanka.

Afgreiðsla:

Slökkviliðsstjóra falið að ganga frá og undirrita lánasamninginn við Lánasjóð Sveitarfélaga m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Einnig er slökkviliðsstjóra falið að undirrita samkomulag um verklok.

Þá var slökkviliðsstjóra falið ásamt framkvæmdastjóra Árborgar að funda með framkvæmdastjóra Íslandsbanka vegna greiðslu á uppgreiðslugjaldi.

2. Málefni sjúkraflutnings. (Viðræður við HSu)

Slökkviliðsstjóri greindi frá óformlegum viðræðum sem eru í gangi milli Brunavarna Árnassýslu og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um hugsanlega aðkomu BÁ að rekstri sjúkraflutninga.

Slökkviliðs- og varaslökkviliðsstjóri hafa fundað með fulltrúum HSu um málið. Tveir fundir hafa farið fram á undanförunum vikum.

Áformað er að funda aftur þegar kostnaðarhliðar verkefnisins liggja betur fyrir.

Afgreiðsla:

Fulltrúaráð lýsir áhuga sínum varðandi verkefnið og hvetur til áframhaldandi viðræðna þar sem allir kostir verða dregnir fram með hagsmuni íbúanna Árnessýslu að leiðarljósi.

3. Húsnæðismál

Slökkviliðsstjóri sagði frá fundi með sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps og fulltrúum Búnaðarfélags Gnúpverja. Fundurinn var haldinn í Árnesei 7. nóvember s.l.

Búnaðarfélagið hefur í hyggju að byggja rúmlega 400-450 m² iðnaðarhús á iðnaðarsvæðinu við Árnesei og bíður B.A. aðkomu að því verkefni undir stærri slökkvistöð. Núverandi slökkvistöð er rúmlega 50m² að stærð.

Afgreiðsla:

Fulltrúaráð lýsir áhuga sínum varðandi verkefnið þar sem ljóst er að fjölgun virkjana á svæði Landsvirkjunar kalla á stærri og betri aðstöðu fyrir B.A.

4. Önnur mál

- a. Ritun fundargerða fagráðsfunda. Undanfarin ár hafa fundargerðir B.A. verið hreinritaðar eftir fundi og sendar aðilum til yfirferðar. Undirritun hefur verið í gerðarbók.

Afgreiðsla:

Samþykkt að framvegis verði fundargerð hvers fundar rituð með rafrænum hætti á yfirstandandi fundi.

Frágangur og meðferð skal vera í samræmi við sveitarstjórnarlög og reglur viðkomandi ráðuneytis þar um.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.30